

Menningar- og ferðamálaráð

Ár 2018, mánudaginn 9. apríl var haldinn 301. fundur menningar- og ferðamálaráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst hann kl. 13:32. Viðstödd voru Elsa Hrafnhildur Yeoman, Þórgnýr Thoroddsen, Margrét M. Norðdahl, Stefán Benediktsson, Marta Guðjónsdóttir og Þorgerður Agla Magnúsdóttir. Áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina: Rákel Dögg Óskarsdóttir. Áheyrnarfulltrúi BÍL: Birna Hafstein. Áheyrnarfulltrúi SAF: Rannveig Grétarsdóttir. Af hálfu starfsmanna: Huld Ingimarsdóttir, Sif Gunnarsdóttir, Signý Pálsdóttir, Arna Schram og Inga María Leifsdóttir sem ritaði fundargerð.

1. Fram fer kynning á ráðningu Sifjar Gunnarsdóttur í starf skrifstofustjóra menningarmála á menningar- og ferðamálasviði.

2. Fram fer kynning á starfsemi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. RMF18040001

Arna Kristín Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, og Margrét Ragnarsdóttir, kynningar- og markaðsstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, taka sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 13:43 tekur Herdís Anna Þorvaldsdóttir sæti á fundinum.

3. Fram fer kynning á Barnamenningarhátíð 2018 sem fram fer í Reykjavík dagana 17.-22. apríl. RMF17080005

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í menningar- og ferðamálaráði, Marta Guðjónsdóttir, leggur fram svohljóðandi bókun:

Ljóst er að borgarstjórinn, Dagur B. Eggertsson, nýtir hvert tækifæri til að minna á sjálfan sig, á kostnað skattgreiðenda, í aðdraganda kosninga eins og bæklingur barnamenningar ber með sér.

Harpa Rut Hilmarsdóttir, verkefnastjóri barnamenningar, og Björg Jónsdóttir, verkefnastjóri viðburða, taka sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Fram fer kynning á niðurstöðum þjónustukönnunar meðal borgarbúa á þjónustu sviðsins, og kynning á niðurstöðum starfsmannakönnunar menningar- og ferðamálasviðs. RMF18040002

Baldur Örn Arnarson mannauðsstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 15:00 vikur Stefán Benediktsson af fundinum.

5. Fram fer umræða um borgarlistamann 2018. RMF18020005

Fundi slitið kl. 15:25

Elsa Hrafnhildur Yeoman

Þórgnýr Thoroddsen
Marta Guðjónsdóttir
Þorgerður Agla Magnúsdóttir

Margrét Norðdahl
Herdís Þorvaldsdóttir